

ORKUSTOFNUN
RAI'ORKUDEILD

LYSTRI JÖKULSA, SKAGAFIRÐI
FRUMÆTLUN UM VIRKJANIR
Austurbugur - Keldudalur, 90 MW
Keldudalur - Nýibær, 39 MW

Gert a:

Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s.f.

Reykjavík
September 1973

EFNI

Bls.

| | |
|--------------------------------------|---|
| Bréf um niðurstöður | I |
| 1 Inngangur | 1 |
| 2 Rennslí | 2 |
| 3 Virkjunartilhögur | 3 |
| 3.1 Austurbugur - Keldudalur | 3 |
| 3.2 Keldudalur - Nýilær | 4 |
| 3.3 Veitur af öðrum vitsvniðum | 4 |
| 4 Kostnaður - orkuvinnsla | 5 |
| 5 Þræmhaldsathuganir | 6 |

Tafla I: Einkennistölur og kostnaður

Fylgibl. 1: Austurbugur. Flatarmál og
áætlað rúmtak lóns.

Uppdráttur nr. 01.32.0.01

VERKFRAEÐISTOFA
SIGURÐAR THORODD: EN SF.
ÁRMÚLA 4 . REYKJAVÍK . SÍMI 81575

Orkustofnun
Laugavegi 116
Reykjavík.

Reykjavík, 19. sept. 1973

Virkjun Eystri Jökulsár, Skagafirði.

Að beiðni yður er unnið að áætlunum um virkjun Eystri Jökulsár í Skagafirði hér á verkfræðistofunni. Í meðfylgjandi greinar-gerð eru frumáætlanir um nýtingu efri hluta Jökulsár, þ.e.a.s. ofan af hálendi og niður að Nýjabæ í Austurdal.

Í eldri athugunum var gert ráð fyrir fullnýtingu árinnar, eða allt að því, og voru þær virkjanir mjög dýrar. Hér hefur verið leitað að ódýrari virkjunartilhögun með því að færa miðlunarstíflu ofar í ána og hafa vatnsvegi sem mest skurði. Gert er ráð fyrir miðlunarupplistöðu með um 220 GI nýtilegu lónrými sem fæst með stíflum í Jökulsá og Hraunlæk við Austurbug og þriðju stíflunni vestan við Orravatnsrústir. Frá Orravatnsrústum yrðu veituskurðir fram á málann milli Keldudals og Austurdals og virkjuð þar 320 m fallhæð niður í Jökulsá. Lauslega áætluð orkuvinnsla þessarar virkjunar er 620 GWh/a og uppsett afl 90 MW. Stofnkostnaður er áætlaður 3190 Mkr. á verðlagi í ársbyrjun 1971 eða um 5.1 kr/kWh/a. Neðan við Keldudal er tæplega um annað að ræða en að virkja í eða meðfram farvegi Jökulsár. Athuguð er virkjun á kafla þar sem áin er bröttust, eða niður að Nýjabæ. Fallhæð er 100 m og lauslega áætluð orkuvinnsla 270 GWh/a, uppsett afl 39 MW. Áætlaður stofnkostnaður er 1610 Mkr. á verðlagi í ársbyrjun 1971, eða um 6 kr./kWh/a.

Orkuverð frá þessum virkjunum er hátt, eða svipað og frá hugsanlegum virkjunum í Skjálfandafljóti.

Rennsli til virkjananna má nuka að einhverju leyti með veitum af öðrum vatnasviðum, en ólíklegt er að það geti orðið til að lækka orkuverð að marki.

Rennslismelingar eru nýlega hafnar í Eystri Jökulsá og er þar að leiðandi mikil óvissa um rennsli til ofangreindra virkjana. Núverandi áætlunir um rennsli eru e.t.v. í herra lagi og ef svo er verða þessar virkjanir ennþá óhagkvæmari.

Af framhaldsathugunum er þýðingarmest að halda áfram vatnshæðar- og rennslismelingum við Skatustaði, sem gæti þá orðið viðmiðunarstaður fyrir sunnanburðarmælingar ofar á vatnasviðinu.

Virðingarfyllst
f.h. Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s.f.

Sigmundur Freysteinsson
Sigmundur Freysteinsson

1

INNGANGUR

A undanförnum árum hafa verið gerðar lauslegar athuganir á heildarvirkjun Eystri Jökulsár í Skagafirði. Niðurstöður þessara athugana er að finna í neðangreindum skýrslum verkfræðistofunnar til Orkustofnunar.

- 1) Virkjanir í Eystri Jökulsá, Skagafirði og Jökulsá á Brú. Frumathuganir. April 1962.
- 2) Virkjunarrannsóknir á vatnasviðum Vatnsdalsár, Blöndu og Eystri Jökulsár í Skagafirði. Ágúst 1968.

I þessum áætlunum er gert ráð fyrir miðlunarstíflu við Stórahvamm og athugaðar annars vegar virkjanir í farvegi Jökulsár og hins vegar virkjun frá Stórahvammi niður að Tórfufelli í Eyjafirði. Stofnkostnaður á orkueiningu við ódýrustu tilhögun, virkjun niður að Tórfufelli, var áætlaður um 2.2 kr/kWh/a á verðlagi í ársbyrjun 1965 og orkuvinnsla um 1060 GWh/a. Þetta mun samsvara tæplega 7 kr/kWh/a á verðlagi í ársbyrjun 1971 og er miklu hærra orkuverð en á öðrum sambærilegum vatnssviðum sem athuguð hafa verið og hefur þess vegna verið óskað eftir athugun á ódýrarri virkjunarleiðum á efri hluta árinnar sem nýttu ekki allt fall og minni miðlun. Ofangreindar áætlanir voru gerðar áður en nokkrar vatnamælingar höfðu verið gerðar í Eystri Jökulsá og var rennsli áætlað nokkru minna en nú. Tórffellsvirkjun mun þó ekki verða talin hagkvæm, þrátt fyrir aukið rennsli.

I eftirfarandi skýrslu er gerð grein fyrir athugunum á virkjun með veitu frá Austurbug niður að Keldudal og virkjun meðfram farvegi árinnar frá Keldudal að Nýjabæ. Grundvöllur þessara áætlana eru kort USAMS í mælikvarða 1:50.000, loftmyndir og athuganir þær á

rennsli sem skýrt er frá í næsta kafla.

2

RENNSLI

Síritandi vatnshæðarmelir (vhm 144) er í Eystri Jökulsá við Skatastaði og hófust mælingar í júlí 1971. Unnið hefur verið úr þessum mælingum og reiknaðar út rennslisraðir fyrir Jökulsá við Skatastaði, sjá skýrslu Orkustofnunar: Héraðsvötn, Eystri- og Vestari-Jökulsá eftir Laufeyju Hannesdóttur, des. 1972. Áætlað meðalrennsli við Skatastaði, byggt á mælingum í Skjálfandafljóti við Goðafoss og Blöndu við Guðlaugssstaði 1949-1971, er $53.94 \text{ m}^3/\text{s}$. Vatnsvið á þessum stað er talið vera 1090 km^2 , þannig að áætlað rennsli samsvarar meðalafrennsli um $49.5 \text{ l s}^{-1} \text{ km}^{-2}$. Þetta er mun hærra en gert var ráð fyrir í eldri áætlunum, þar var reiknað með meðalrennsli $42 \text{ m}^3/\text{s}$ á þessum stað.

Samkvæmt áðurnefndri skýrslu er vatnsvið Jökulsár við Skatastaði 1090 km^2 , ofan við Keldudal 934 km^2 og ofan við Hraunlæk 555 km^2 . Vatnsvið virkjunar frá Austurbug að Keldudal er um 30 km^2 stærra en vatnsvið Jökulsár ofan við Hraunlæk. Vatnsvið virkjunar frá keldudal að Nýjabæ er um 87 km^2 stærra en vatnsvið Jökulsár ofan við Keldudal.

Meðalrennsli til þessara virkjana, áætlað eftir stærð vatnsviða út frá meðalrennsli við Skatastaði, verður:
Virkjun Austurbugur - Keldudalur: $29 \text{ m}^3/\text{s}$.
Virkjun Keldudalur - Nýlbær: $50 \text{ m}^3/\text{s}$.

Vatnamælingar í Eystri Jökulsá eru ennþá skammt á veg komnar og þessar áætlanir þess vegna mjög lauslegar.

3

VÍRKJUNARTI LIHÖGUN (Uppdr. 01.32.0.01).

3.1

Austurbugur - Keldudalur

Gert er ráð fyrir miðlunarstíflu í Eystri Jökulsá við Austurbug um 2 km ofan við Hraunlaek. Til að veita vatninu vestur þarf þú einnig að stífla Hraunlaek um 2 km ofan ármótá. Krónuhæð stíflu er ráðgerð í 720 m y.s. og venjulegt HV (yfirlitaleið) 717 m y.s. Með þeim niðurdrætti er Þóellað lónrými um 220 Gt, sbr. línumit á flytbibliði 1. Flataarmál lónsins verður um 43 km² við HV. Lónið nær vestur í Orravatnsrústir, a.m.k. við HV, og verður þriðja stíflan þar fyrir vestan. Við LV þarf e.t.v. skurð frá upptökum Hraunkvíslar vestur í Orravatnsrústir til að veita vatninu þangað. Frá Orravatnsrústum verður rúmlega 9 km langur veituskurður um Reyðarvatn og vestan í Vörðufelli að litlu lóni sem fest með því að stífla fyrir lægð ofan þvergils sem gengur austur úr Keldudal. Gert er ráð fyrir að veituskurðurinn verði með föstu vatnsborði frá lokuvirki norðan við Reyðarvatn of rúmlega 10/oo falli þannig að vatnsborð í litla lóninu verði rúmlega 700 m y.s. Veituskurðurinn er ráðgerður með lágmarksþversniði til að flytja virkjað rennsli við LV í miðlunarhlóninu, en ekki þannig að hann leggi á vetrum og er hugsað að krap sem kann að myndast í honum geti safnaizt fyrir í hlóninu ofan þvergils. Úr þessu lóni verður síðan um 2 1/2 km langur aðrennslisskurður að stöðvarinntaki á múlanum milli Keldudals og Austurdals. Aðrennslisskurðurinn er ráðgerður með svo stóru þversniði að straumhraði verði ekki meiri en um 0.5 m/s þannig að hann verði ísi laupður á vetrum. Vatnsborð við stöðvarinntak verður í 700 m.y.s. Frá stöðvarinntaki er gert ráð fyrir fallgöngum að neðanjarðarstöð og frá-rennslisgöngum út í Eystri Jökulsá í 380 m.y.s.

Hér er reiknað með að virkjað rennsli verði um 32 m³/s. Heildariallhæð er 320 m, nettófallhæð um 317 m og uppsett afl um 90 MW.

3.2 Keldudalur - Nýibær

Neðan við útrennsli virkjunar við Keldudal er fall Eystrí Jökulsár um 10 m/km niður fyrir Nýjabæ, en þar fyrir neðan minnkar fallið í um 7 m/km. Hér athuguð virkjun á þeim kafla sem fallið er mest, þ.e.a.s. 100 m fallhæð frá Keldudal niður fyrir Nýjabæ. Sambærilegar virkjanir neðar í ánni verða væntanlega óhagkvæmari, því að ekki verður séð af þeim gögnum sem tiltekk eru að stíflustæði eða aðrar aðstæður séu betri og fallið er minna neðar.

Virkjunartilhögun er ráðgerð þannig að stíflað verði ofan við Hjálmarsselslæk og síðan um 7 km löng aðrennslisgöng í vesturhlíð dalsins að neðanjarðarstöð og frárennslisgöng út í ána. Stíflan er það ofarlega að lítil sem engin miðlun verður við hana og kemur þessi virkjun ekki til greina fyrr en á eftir miðlun við Austurbug op virkjuninni við Keldudal. Lauslegur samanburður bendir til að dýrara verði að hafa stífluna neðar og jarðgöng styttar. Gert er ráð fyrir að jarðgöng verði „ófóðruð“, þ.e.a.s. aðeins fóðruð að 1/5 hluta. Yfirvatn er í 380 m y.s. og undirvatn 280 m y.s., nettófallhæð um 90 m, virkjað rennsli 50 m³/s og uppsett afl 39 MW.

3.3 Veitur af öðrum vatnasviðum

Möguleikar eru á að veita hluta Vestari Jökulsár, eða a.m.k. Bleikálukvísl og Fossá, í Eystrí Jökulsá í 760 til 780 m hæð y.s. Vatnasvið Fossá og Bleikálukvíslar ofan hugsanlegra veitustífla eru lítil og mest á jöklum og þess vegna óvissa um stærð þeirra. Rennslisathuganir eru engar. Aætlanir um magn í stíflum og veituskurðum eru tæplega raunhæfar á

grundvelli tiltækra korta eins og landslagi er þarna háttar. Að þessu athuguðu hefur ekki þótt ráðlegt að gera áætlun um veitum úr Vestari Jökulsá að sinni, enda ólíklegt að þær geti orðið til að lækka orkuverð frá þeim virkjunum sem hér er fjallað um.

Af öðrum veitum má nefna að hægt er að auka vatnsvið lónsins við Austurbug um á að gizka 95 km^2 með veitum úr drögum Geldingsár á Nýjabæjarafrétt. Álitamál er þó að þetta svuri kostnaði nema afrennslið sé tiltölulega mikil.

KOSTNAÐUR - ORKUVINNSLA

Uppdrættir og önnur gögn leyfa ekki nákvæma hönnum og magnútreikninga og eru kostnaðaráætlanir þess vegna lauslegar.

Kostnaður og orkuvinnsla er áætlað eins og lýst er í skýrslunni „Um forrannsóknir á vatnsafli Íslands”, janúar 1971, eftir því sem við á, en magntölur og kostnaður við skurði o.fl. er athugað sérstaklega.

Í kostnaðaráætlunum er miðað við verðlag í ársbyrjun 1971 eins og í áætlunum um Skjálfandafljót, Blöndu o.fl. áætlunum s.l. tvö ár.

Niðurstöður eru í töflu I.

Þess má geta að stofnkostnaður virkjunar frá Keldudal að Nýjabæ verður um 27% hærri ef gert er ráð fyrir fóðruðum aðrennslisþöngum.

Stofnkostnaður á orkueiningu frá þessum virkjunum er frekar hár, svipaður og við virkjanir í Skjálfandafljóti. Þess ber að geta að hér er meiri óvissa um rennsli og önnur grundvallaratriði en í Skjálfandafljóti.

5

FRAMHALDSATHUGANIR

ENN SEM KOMIÐ ER ER MIKIL ÓVISSA UM RENNSLI TIL
BESSARA VIRKJANA SEM HÉR UM RÆÐIR. FYRET UM SÍNN MÁ
TELJUST NÆGILEGT AÐ HALDA ÍFRAM VATNSHÆÐARMELINGUM
VIÐ SKATASTAÐI OG FULLGERA LYKIL FYRIR ÞANN MELI.
BEGAR TÍMABÆRT ÞYKIR AÐ GERA NÁNARI ÁÆTLANIR ÞART
AÐ GERA SAMANBURÐARMELINGUR ÁRIÐ UM KRING, OFAR Í
ÁNNI, SÉRSTAKLEGA VIÐ STÍFLUSTAÐI VIÐ AUSTURBUG.

TIL VIÐUNDANDI YFIÐLITSÁÆTLANA ÞART VITANLEÐA
UPPÐRÆTTI Í MÆLIFV. 1:20,000. ÞÓ MÁ MEÐ TIL-
TÖLULEGA LITLUM FOSTHAÐI Í MIKILSVERÐAN UPPLÝSINGAR
UM HAGKVÆNNI VIRKJUNAR FRÁ AUSTURBUG AÐ KELDUDAL
MEÐ EINFÖLDUM LANGSKURÐARMELINGUM EFTIR VATNS-
VEGUM OG STÍFLUSTAÐUM JAFNHЛИÐA ATHUGUNUM VERK-
FRÆÐINGA OG JARÐFRÆÐINGA Á AÐSTAEÐUM. NÁNARI JARÐ-
FRÆÐIAITHUGANIR ERU EKKI TÍMABÆRAR FYRR EN EFTIR EÐA
SAMHLIÐA MÆLINGUM OG KORTAPERÐ.


EYSTRÍ JÖKULSA, SKAGAFIRÐI

| | Rennsli MQ m³/s | Miðlun Gl MΣaQ | Virkjað % af rennsli MΣaQ | Nettó fallhæð m | Uppsett afl x) MW | Rennslis- orka GWh/a | Áætluð orkuv. GWh/a | Stofnkostnaður kr/ kWh/a | x) xx) Mkr/ MW |
|--------------------|-----------------------|----------------------|------------------------------------|-----------------------|-------------------------|----------------------------|---------------------------|--------------------------------|-------------------------|
| Austurbugur | | | | | | | | | |
| - Keldudalur | 29 | 915 | 220 | 24 | 32 | 317 | 90 | 710 | 620 |
| | | | | | | | | | 3190 |
| Keldudalur | | | | | | | | | 5.1 |
| - Hjólar | 50 | 1575 | 220 | 14 | 50 | 90 | 39 | 345 | 270 |
| | | | | | | | | | 1610 |
| | | | | | | | | | 6.0 |
| | | | | | | | | | 41.3 |
| Samtals: | | | | 407 | 129 | 1055 | 890 | 4800 | 5.4 |
| | | | | | | | | | 37.2 |

TAFLA I
Einkennistölur og kostnaður

x) Nýtingartími ~ 7000 h/a.

xx) Verðlag: ársþyrjun 1971.



EYSTRI JÖKULSÁ
AUSTURBUGUR

Flatarmál og áætlað rúmtak lóns